



DalaAuður

2025

Verkefnisáætlun



Dalabyggð

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

11/1/2025

Hugtakanotkun og orðskýringar

Brothættar byggðir:

- Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.

DalaAuður:

- Verkefni Brothættra byggða í einstökum þáttökubbyggðarlögum fá sérstök heiti. Nafnið „DalaAuður“ er hér notað um verkefnið í Dalabyggð og felur í sér skírskotun í mannauðinn, menningarauðinn og sögu svæðisins.

Byggðarlag/byggð:

- Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.

Stefnumótun:

- Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þáttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.

Framtíðarsýn:

- Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.

Meginmarkmið:

- Markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.

Starfsmarkmið:

- Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.

Stöðugreining:

- Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

Framtíðarsýn

Dalabyggð er fjölskylduvænt samfélag þar sem fólk af öllum kynslóðum leggur sitt að mörkum til að skapa góð lífsskilyrði fyrir alla. Mannlíf og menning blómstrar og býður upp á gott félagslíf og aðstöðu til heilsueflingar, fyrir unga sem aldna.

Í Dalabyggð er blómstrandi atvinnulíf og framúrskarandi innviðir s.s. eins og vegir, fjarskipti og rafmagn. Nægt framboð af íbúðar- og atvinnuhúsnæði er til staðar í byggðarlaginu.

Búðardalur er orðinn myndarlegur þéttbýlisstaður með gróskumikið atvinnulíf sem byggir meðal annars á nýsköpun. Bærinn er snyrtilegur og gott er að fá sér göngutúr um fjölmargar gönguleiðir um og í kringum hann. Sundlaug og margs konar þjónusta er í boði fyrir heimamenn og ferðamenn allt árið um kring.

Í dreifbýlinu býr fólk og stundar fjölbreytt störf og búskap í sátt við umhverfið. Dalabyggð er svo sannarlega matarkista og hafa íbúar nýtt sér auðlindir héraðsins til nýsköpunar og verðmætasköpunar.

Ímynd Dalabyggðar sem fallegar sveitar í faðmi fjalla hefur styrkst og hingað leitar fólk til að njóta kyrrðarinnar og þeirra afurða sem landið gefur af sér. Fólk kemur í Dalabyggð og hugsar „þetta er fallegasta sveit í heimi“. Hér er gott að búa og hér er gott að dvelja.

Meginmarkmið

- 01 — Samkeppnishæfir innviðir**
- 02 — Skapandi og sjálfbært atvinnulíf**
- 03 — Auðugt mannlíf**
- 04 — Öflug grunnþjónusta**

Meginmarkmið 1

Samkeppnishæfir innviðir

Meginmarkmiðið er að í Dalabyggð verði samkeppnishæfir innviðir en þeir eru forsendan fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra og þjónustu í byggðarlaginu. Uppbygging vega og öruggra fjarskipta er brýn, ásamt því að tryggja þrífösun rafmagns og raforkuöryggi. Auka verður framboð á atvinnu- og íbúðarhúsnæði og byggja ný íþróttamannvirki í Búðardal.

Stefnt verði að uppbyggingu fjölbreyttra innviða til útivistar, til að auka lífsgæði íbúa. Snyrtilegt, fallett og gróðurríkt umhverfi einkenni Dalabyggð.

7



8



9



10



11



Af 24 aðgerðum undir meginmarkmiði 1 er tólf lokið. Sjá stöðu aðgerða 1.1. og 1.2., 1.5., 1.7., 1.12., 1.13., 1.14., 1.17., 1.18., 1.19., 1.21. og 1.22. neðst í kaflanum í yfirliti yfir lokin verkefni og aflögð.

1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2026. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Hafin verði bygging íþróttamannvirkja í lok árs 2024 og stefnt að því að verkið taki rúmlega tvö ár.

1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal á starfstímanum. Ábyrgð: Sveitarstjórn, Umhverfis- og skipulagsnefnd, framkvæmdasvið, verkefnisstjóri, UDN, áhugafólk um Mylluna og Dalinn.

LOKIÐ✓ Aðgerð A: Göngubru á gönguleið upp að hesthúsahverfi í Búðardal verði endurbætt.

Aðgerð B: Hugað verði að viðhaldi á strandstígnum (Ástarbrautin).

LOKIÐ✓ Aðgerð C: Umhverfis- og skipulagsnefnd taki það til skoðunar að skilgreint verði bílastæði við upphaf strandstígsins í deiliskipulagsvinnu fyrir Búðardal.

Aðgerð D: Stígur verði gerður meðfram þjóðvegi, frá mörkum þéttbýlisins, að ristarhliði í norðri. (Ný aðgerð eftir íbúafund 2025).

1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og Markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð á starfstímanum. Ábyrgð: Verkefnisstjóri DalaAuðs, Markaðsstofa Vesturlands, SSV, verkefnisstjóri ferðamála hjá Dalabyggð.

1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstíga eða áningarstaða innan skóga fyrir lok árs 2025. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, íbúar, landeigendur, félög.

1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsröðun vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2026, líkt og þær eru lagðar til í Samgönguáætlun Vesturlands og forgangsröðun Dalabyggðar í samgöngumálum. Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávik allra framkvæmda í byggðarlaginu. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

Aðgerð A: Sveitarstjórn fylgi eftir að tímasetningum sé framfylgt.

1.10. Sveitarfélagið og SSV þrýsti á ríkið að stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar þannig að klára megi framkvæmdir strax. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

1.11. Lögð verði áhersla á að leggja bundið slitlag á Laxárdalsveg eigi síðar en árið 2026. Mikilvægt er að byggja nýjar tvöfaldar brýr/ræsi á Laxárdalsheiði samhliða því sem vegurinn er lagður bundnu slitlagi. Þegar framkvæmdum er lokið verði þrýst á það að vegurinn um Laxárdal verði skilgreindur sem stofnvegur. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum. Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagni og að leggja strengi í jörðu árið 2026. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Rafmagnsleysi er víða of algengt og ítreka íbúar mikilvægi þess að leggja strengi í jörð í Dalabyggð. Þá er bent á mikilvægi jafnræðis þegar kemur að þrífösun og að einstaka bæir verði ekki eftir í slíkri uppbyggingu.

Aðgerð A: Sveitarstjórn þrýsti á ríkið að flýta þrífösun rafmagns í Dalabyggð og lagningu rafstrengja í jörð. Einnig verði gætt að jafnræði jarða við framkvæmdir.

1.16. Gert verði átak í að styrkja fjarskiptainniði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2024-2025. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Höfð verði til hliðsjónar samantekt á símasambandslausum punktum í Dalabyggð, sem gerð var árið 2022 og samráð verði haft við landeigendur um staðsetningu senda sem eru settir upp.

Aðgerð A: Sveitarstjórn sendi hvatningu um að varaafli verði aukið við möstur/sendu, svo símasamband haldist í rafmagnsleysi.

Aðgerð B: Sveitarstjóri eigi samtal við ráðafólk í innviðaráðuneytinu vegna stöðu fjarskipta í Dalabyggð. Sveitarstjóri kalli til verkefnisstjóra, aðra fulltrúa sveitarfélagsins, sérfræðinga eða aðra inn í það samtal eftir þörfum.

1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig íbúa og aðra sjálfboðaliða til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumrin 2023-2026. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjóri, rekstraraðilar, landeigendur, íbúar, "hálfbúar", félög.

Aðgerð A: Árlega sé kallað eftir hugmyndum og þátttöku íbúa í hreinsunar- eða fegrunaraðgerðum innan sveitarfélagsins, á vef Dalabyggðar og samfélagsmiðlum.

Aðgerð B: Sveitarfélagið sé virkt í að segja frá þeim fegrunaraðgerðum sem farið er í, innan sveitarfélagsins.

1.23. Farið verði í undirbúning á því að breyta Dalnum í útivistar- og samkomusvæði.

Aðgerð A: Sveitarfélagið kanni áhuga félagasamtaka á að nýta Dalinn betur og endurbæta hann. (Ný aðgerð 2025).

Aðgerð B: Dalabyggð kanni möguleikann á samstarfi við LBHÍ fyrir árslok 2025 vegna útivistarsvæðis í Dalnum. Skoðaður verði möguleikinn á hugmyndasamkeppni um Dalinn í Auðarskóla.

1.24. Sveitarstjórn stuðli að því á verkefnistímanum, að eftirtalin svæði séu sauðfjárlaus: Vegkantar við Þjóðveg 60 og fyrir innan girðingu í þéttbýlinu í Búðardal. (Nýtt markmið 2025).

Aðgerð A: Sveitarstjórn þrýsti á Vegagerðina að setja ristarhlið við afleggjara sem liggja að Þjóðveginum og á staði þar sem fé getur leitað upp á Þjóðveg. Girðingar verði lagaðar þar í kring til að draga úr því að sauðfé leiti upp á veg. Sem dæmi þyrfti slíkar endurbætur við afleggjarann hjá Árbliki, ásamt því að setja þyrfti upp tvö ristarhlið í Staðarhólsdalnum, við Lambanes og Kverngrjótsafleggjara svo fé fari ekki frá Skarðsströnd og Staðarhólsdal, upp á Þjóðveg 60. Einnig þyrfti að skoða aðstæður við Hörðudalinn.

Aðgerð B: Sveitarfélagið Dalabyggð viðhaldi girðingum í kringum Búðardal og sé með virkt eftirlit með þeim. Íbúar og gestir hugi að því að hlið séu ávallt lokuð. Unnið sé að því strax að sauðfé sem kemur inn fyrir girðingar sé smalað.

Meginmarkmið 1 - lokið

✓ **1.1. Skoðaðir verða allir kostir til að hægt sé að auka við uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu á starfstímanum. Stefnt sé með þessu að fjölbreyttara framboði á húsnæði.** Ábyrgð: Sveitarstjórn og byggðaráð.

- **Markmiði náð 2025.** Nýtt deiliskipulag var samþykkt og birt árið 2025, fyrir þéttbýlið í Búðardal. Þar er gert ráð fyrir hátt í 40 mismunandi íbúðareiningum. Átta nýjar íbúðir hafa verið byggðar á verkefnistímanum og áform eru um fleiri.

✓ **1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023.** Ábyrgð: Sveitarstjórn, byggðaráð, atvinnumálanefnd og áhugasamir atvinnurekendur.

- **Markmiði náð 2023.** Fimm milljóna hönnunarstyrkur fékkst úr Bygðaaáætlun, C1. Vinnuhópur var stofnaður af áhugasömum kaupendum og baklandi og hóf undirbúningsferlið, sem var tilgangur þessa markmiðs. Ekki er víst hvort það verði fjárfestingafélag eða annað fyrirkomulag sem tekur að sér verkið.

✓ **1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnin er að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.** Ábyrgð: SSV, Verkefnisstjóri, sveitarstjórn, landeigendur.

- **Markmiði náð 2023.** SSV vann að hnitsetningu og leiðarlýsingum á leiðum á Vesturlandi árin 2022-2023, þar á meðal í Dalabyggð.
- Gögnin hafa verið afhent Ferðamálastofu sem setti upp vef. Vefur Ferðamálastofu er aðgengilegur og hægt er að bæta leiðum þar inn.
- *Stikun er hafin á nokkrum stöðum í Dalabyggð en enn er sóknarfæri í stikun leiða í Dalabyggð.*

✓ **1.7. Komið verði á samtali milli hlutaðeigandi aðila um skipulag reiðleiða í Dalabyggð árið 2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri, hestamannafélagið Glaður, landeigendur.

- **Markmiði náð 2024.** Verkefnisstjóri hélt kaffispjall og bauð Hestamannafélaginu Glaði og áhugamannahópnum Dalamannabrölti að mæta og ræða reið- og gönguleiðir í Dölum. Kaffispjallið var öllum opið.
- Þá var verkefnisstjóri búinn að ræða málin innan stjórnar Glaðs varðandi reiðvegi. Stjórn Glaðs sækir árlega um í reiðvegaskjöld og notar þá fjármuni til uppbyggingar á reiðleiðum. Nú er verið að klára vinnu við reiðvegi í námunda við Búðardal, síðan verður skoðað hvaða leiðir á að byggja upp næst. Ábendingum má koma á framfæri við stjórn Glaðs.

✓ **1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðarlaginu árið 2023.** Ábyrgð: Sveitarstjórn.

- **Markmiði náð 2023.** Starfshópur vann þarfagreiningu, skoðað var bæði þörf á hraðhleðslustöðvum og áform ferðapjónustuaðila um uppsetningu rafstöðva. Metið var sem svo að hraðhleðslustöðvar yrðu í þéttbýlinu, minni stöðvar annars staðar. Ferðapjónum var boðið að skoða tilboð frá fyrirtækjum. Staðsetning hleðslustöðva hefur einnig verið skoðuð í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Þrjár hraðhleðslustöðvar, ásamt einni minni eru á áætlun, auk þeirra tveggja sem þegar eru komnar.

✓ **1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið.**

1.12., eigi sér stað samtal við ríki og þjónustuaðila um aðgengi að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

- **Markmiði náð 2023.** Hér var aðallega verið að skoða það að auðvelda þyrfti notendum greiðsluleiðir. Óformlegt samtal við ráðherra leiddi í ljós að vinna við að samræma á landsvísi er langt á veg komin. Ákveðið því að einbeita sér að markmiðum 1.12 og 1.14.

✓ **1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.** Ábyrgð: Sveitarstjórn og þjónustuaðilar

Með markmiðum 1.12., 1.13. og 1.14 er stefnt að því að fjölga hleðslustöðvum og bæta aðgengi að þeim. Huga verði vel að aðgengi hleðslustöðva til að auðvelda fólki að ferðast um svæðið á rafbílum. Markmiðum 1.12. og 1.13. er náð.

Tengist markmiði A.j.¹ og B.n.² í Byggðaaætlun.

- **Markmiði náð 2025.** Nýjar hraðhleðslustöðvar eru komnar í Búðardal, bæði við Krambúðina og hjá Stjórnsýsluhúsinu. Rekstraraðilar í ferðapjónustu eru margir hverjir búnir eða með áform um að setja upp hleðslustöðvar fyrir sína gesti.

✓ **1.17. Íbúar fái kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á árinu 2023.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sveitarstjórn.

Áhugasamir íbúar fái í kjölfarið aðstoð við að sækja um styrki við uppsetningu varmadæla út starfstímabilið.

Tengist meginmarkmiði B.n. í Byggðaaætlun³ og aðgerðum B.1. og B.2 í aðgerðaráætlun Byggðaaætlunar.

- **Markmiði náð 2024.** Haldinn var kynningarfundur á TEAMS og var hann vel sóttur, bæði af aðilum innan Dalabyggðar og úr nærliggjandi sveitarfélögum.

✓ **1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025.** Ábyrgð: Sveitarstjórn.

¹ Byggðaaætlun, markmið A.j. : Aðgengi að innviðum fyrir vistvæn farartæki verði til staðar um allt land.

² Byggðaaætlun, markmið B.n.: Afhendingaröryggi raforku verði aukið og stutt við orkuskipti á landsvísi. Áhersla verði lögð á verkefni sem stuðla að sem bestri raforkunýtingu með samhæfingu framleiðslu, flutnings og notkunar eftir því sem kostur er og sem falla að öðrum markmiðum og áætlunum, m.a. um sjálfbæra byggðapróun, full orkuskipti og kolefnishlutleysi Íslands eigi síðar en árið 2040.

³ Byggðaaætlun, sjá <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

- **Markmiði náð 2023.** Dalabúð er notað mikið undir félags- og skólastarf. Árblik er í rekstri. Staðarfell var selt árið 2023. Í Tjarnarlundi var sett upp vottað eldhús 2023.

✓**1.21. Sveitarstjórn þrýsti á að settar verði hraðahindranir við innkomu í Búðardal árin 2024-2025, til að draga úr umferðarhraða í bænum.** Ábyrgð: Sveitarstjórn.

- **Markmiði náð 2025.** Aðkoman var löguð og settar upp hraðahindranir (sveigjur).

✓**1.22. Sveitarfélagið vinni að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið, þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi útivistarsvæða, iðnaðarsvæðis og lóða fyrir íbúðarhúsnæði. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024.** Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Markmiði náð 2025. Deiliskipulag fyrir þéttbýlið er klárt.

Aflögð markmið

Breytingar á markmiðum:

1.19. Aflagt á íbúafundi 2023: Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtal við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð. (Ákveðið að eiga samtalið fyrst í heimabyggð).


Meginmarkmið 2

Sjálfbært og skapandi atvinnulíf

Sprotafyrirtæki, nýsköpun og störf án staðsetningar náí að blómstra og auka fjölbreytileika í atvinnulífinu í Dalabyggð. Sérstaklega verði hvatt til atvinnuuppbyggingar sem stuðlar að aukinni sjálfbærni og verðmætasköpun.

Góðir landkostir dreifbýlisins verði nýttir til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og staðinn verður vörður um landbúnað og aðra starfsemi á svæðinu.

Menning og saga svæðisins verði nýtt sem sóknartækifæri í ferðaþjónustu.



Af 16 aðgerðum undir **meginmarmiði 2** er tíu lokið. Sjá stöðu aðgerða 2.2., 2.5., 2.6., 2.8., 2.10., 2.11., 2.13., 2.14., 2.17. 2.18. og 2.19. neðst í kaflanum í yfirliti yfir lokin verkefni.

2.1: Árið 2026 verði a.m.k. þrír einstaklingar starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.

Ábyrgð: Sveitarfélag, verkefnisstjórn og verkefnisstjórn.

Markmiðið er að efla verðmæti og fjölbreytileika starfa með fleiri óstaðbundnum og opinberum störfum í Dalabyggð. *Tengist markmiði B.c og B.d í Byggyðaaætlun og aðgerðum A.8., B.3. og B.7 í Aðgerðaaætlun Byggyðaaætlunar.*

✓ **Aðgerð A lokið:** Úthlutað verði í fyrsta sinn úr frumkvæðissjóði DalaAuðs haustið 2022.

✓ **Aðgerð B lokið:** Aðstaða Nýsköpunarseturs verði betrubætt haustið 2022, til að hún henti betur starfseminni sem þar fer fram. Sett verði upp a.m.k. þrjú skrifborð og stólar ásamt skilrúmum þar sem þarf.

✓ **Aðgerð C lokið:** Einstaklingar sem vinna að umsóknum í frumkvæðissjóð geti nýtt aðstöðu Nýsköpunarseturs án endurgjalds.

✓ **Aðgerð D lokið:** DalaAuður verði virkt á samfélagsmiðlum.

✓ **Aðgerð E lokið:** Nýsköpunarsetur verði markaðssett í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Aðgerð F: Vakin verði athygli á óstaðbundnum störfum innan Dalabyggðar.

✓ **Aðgerð G lokið:** Unnið verði áfram að endurbótum Nýsköpunarseturs, meðal annars verði þar sett upp kaffi- og prentaðstaða sem nýtist notendum rýmisins.

Aðgerð H: Sveitarfélagið skoði möguleikann á verklegu/skapandi rými sem nýst gæti frumkvöðlum og öðrum.

✓ **Aðgerð I lokið:** Sveitarfélagið skoði möguleikann á að kaupa gömlu lögreglustöðina sem er við hlið Nýsköpunarsetursins.

2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikann á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar á starfstímanum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Þörf er á að efla löggæslu á svæðinu. Frá Dalabyggð væri einnig hægt að þjónusta þau svæði sem eru á jaðri nærliggjandi sveitarfélaga.

Aðgerð A: Sérstaklega verði leitast við að efla löggæslu á svæðinu á verkefnistímanum.

2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð til hagsbóta fyrir samfélagið og árlega verði vakin athygli á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Aðgerð A: Boðið verði upp á raunfærnimat fyrir iðnaðarmenn í Dalabyggð í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Aðgerð B: Útbúið verði efni fyrir markaðssetningu Dalabyggðar, sem verður aðgengilegt á vefnum.

Aðgerð C: Dalabyggð skoði að útvega fleiri myndir fyrir myndabanka sem sveitarfélagið, íbúar og rekstraraðilar hafi aðgang að.

Aðgerð D: Sett verði upp hagnýt fræðsluerindi og/eða námskeið í markaðssetningu fyrir rekstraraðila í Dalabyggð.

2.7. Búið verði til vörumerki á verkefnistíma DalaAuðs, fyrir vörur framleiddar í Dalabyggð. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, rekstraraðilar.

Aðgerð A: Haldin verði fræðsla um vörumerki og mikilvægi þeirra sem töl til markaðskynningar, á starfstímanum. **(Ný aðgerð 2025).**

2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu, við að koma þeim í sölu á árunum á verkefnistímanum. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, rekstraraðilar, SSV, íbúar.

Aðgerð A: SSV og verkefnisstjóri stuðli að hagnýtri fræðslu og ráðgjöf til íbúa.

Aðgerð B: Verkefnisstjóri skoði áhuga á að koma upp matarsmiðju/tilraunaeldhúsi fyrir almenning í Dalabyggð, árið 2026. **(Ný aðgerð 2025).**

2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðapjónustu sem snýr að hæglæti árið 2026. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjóri ferðamála, verkefnisstjóri DalaAuðs.

2.15. Árin 2023-2024 verði unnið að því að móta hugmyndir að afþreyingu og upplifun tengdri Auði djúpúðgu. Tækifæri eru í að miðla tengingu Auðar við Hvamm. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina á verkefnistímanum, sem tengir svæðið við landnámssöguna. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

Meginmarkmið 2 - Lokið

✓ **2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla sinni þekkingu til áhugasamra.** Ábyrgð: Heimafólk og fjarbúar, verkefnisstjóri.

- **Markmiði náð 2022.** Ráðgjafaráð var sett á laggirnar 2022.

✓ **2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbærni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.**⁴ Ábyrgð: Sveitarstjórn, SSV, verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

- **Markmiði náð 2025.** Í gegnum innviðaráðuneytið, úr C.1. sjóði Byggðáætlunar, fékk SSV ásamt Vestfjarðastofu og SSNV styrk fyrir verkefnið “Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum”. Þar var unnið að því að efla nýsköpun í dreifðari byggðum á tilgreindum sauðfjárræktarsvæðum innan þessa landshluta, þ.á.m. í Dölunum.

✓ **2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fóðurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og landeigendur.

- **Markmiði náð 2023.** Markmiði náð þar sem þó nokkur verkefni á þessu sviði hófu göngu sína árin 2022-2023: Grænmetisræktun í Ásgarði, Neðri Brekku og Þurranesi og samstarfsverkefni um ræktun á asparstiklingum víða í Dalabyggð.

✓ **2.8. Námskeið verði haldið í vöruþróun, markaðssetningu og að koma afurðum og vörum í sölu árin 2023-2024.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri, SSV.

- **Markmiði náð 2023.** Það hefur verið haldin ýmis fræðsla í Nýsköpunarsetrinu, ásamt því að vakin hefur verið athygli á stað- og fjarnámskeiðum sem falla undir þetta. Þá hafa einstaklingar skipulagt ýmis konar fræðslu í Dalabyggð, sem dæmi: Haldið var kjötiðnaðarnámskeið í Miðskógi haustið 2023, haldið verðlagsnámskeið í Nýsköpunarsetrinu 2023, Matarfrumkvöðullinn var viðamikil vefnámskeið sem nokkrir úr Dalabyggð sóttu vorið 2023. Haustið 2023 var síðan haldið námskeið í verkefnisstjórnun í Nýsköpunarsetrinu. Stefnt er að áframhaldandi námskeiðahaldi í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.

✓ **2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr byggðarlaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og rekstraraðilar.

- **Markmiði náð 2023.** Tvö bú hófu sölu á grænmeti 2022/2023 og verið er að þróa ræktun á a.m.k. einu til viðbótar. Þar að auki hefur víða verið auglýst ærkjöt, lambkjöt eða nautakjöt til sölu beint frá býli. Kjúklingabú hóf starfsemi í Dölunum árið 2023. Mikil gróska er í framleiðslu og enn ýmis sóknarfæri.

✓ **2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og rekstraraðilar.

- **Markmiði náð 2024.** Verkefnið Beint frá skýli hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði 2023 t.d. og var sjálfsafgreiðsluverslun í Ásgarði standsett í lok sumars 2024. KM þjónustan hóf sölu á helstu dagvörum stuttu eftir íbúafund 2023.

✓**2.13. Markaðssetningarátaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.** Ábyrgð: Ferðapjónustuaðilar, verkefnisstjóri ferðamála, verkefnastjóri DalaAuðs.

- **Markmiði náð 2024.** Viðamesta aðgerðin hér var samstarf ferðapjónustuaðila og Dalabyggðar vegna vefsins Visit Dalir, en margmiðlunarfyrirtækið Broadstone var fengið til að taka upp myndefni víða í Dölum fyrir markaðssetningu. Auk þess var Dalabyggð á borðkorti fyrir Vestfjarðaleiðina árið 2024. Umfjöllun var um Dalina í Around Iceland og Icelandic Times og gerðar útvarpsauglýsingar undir „Dalirnir heilla“.

✓ **2.17. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðapjónustu á tímabilinu 2022-2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og rekstraraðilar.

- **Markmiði náð 2024.** Tvö ferðapjónustuverkefni (jarðhýsi á Eiríksstöðum og gönguferðir hjá Eiríksstöðum) eru í undirbúningi, rennslismæling í Fótadal vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Hörðudal er hafin. „Jólasveinaverkefnið“ er samspil ferðapjónustu, menningar og markaðsstarfs, það verkefni er í hönnunarferli. Stikun og merkingar gönguleiða í Dalabyggð hafin á a.m.k. þremur leiðum en fleiri útivistarleiðir munu efla ferðapjónustu svæðisins mikið.

✓ **2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.**

- **Markmiði náð.** Þetta er yfirlýst stefna sveitarfélagsins. Hefur meðal annars verið sett inn í loftslagsstefnu Dalabyggðar og skjalfest þar.

✓**2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfissvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri, áhugasamir rekstraraðilar.

- **Markmiði náð 2024.** Bæði var boðið upp á fræðslu og aðstoð.

Markmið aflögð

2.14. Aflagt á íbúafundi 2023: *Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarminjum og menningararfi Dalabyggðar árið 2024. (Sett ný markmið varðandi menningu – markmið 3.11-3.14).*

⁴ Landshlutasamtökin á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra hafa ákveðið að leggja í vinnu til að leita lausna á þeim vandamálum og erfiðleikum sem hafa komið upp í landbúnaði. Þar er líka verið að skoða þessa samhangandi þætti sem hafa áhrif á afkomu, svo sem innviði, fjarskipti, hugmyndir um búhátarbreytingar o.fl. Lagt er til að skoðað verði í því samhengi hvort hægt væri að styðja við þróunarverkefni í landbúnaði í Dalabyggð, til auka arðbærni í atvinnugreininni. Þá hafa ofangreindir aðilar hvatt stjórnvöld til að minnka „gullhúðun“ í regluverki sem varðar matvælaframleiðslu á Íslandi.

Meginmarkmið 3

Auðugt mannlíf

Auðugt mannlíf eykur hamingju og vellíðan íbúa. Auðugt mannlíf sem einkennist af öflugu menningar-, íþróttar- og félagsstarfi verði í Dalabyggð, þar sem íbúar á öllum aldri taka þátt. Menningararfur og menningarstarf verði öllum aðgengileg.



Af 15 aðgerðum undir **meginmarmiði 3** er sex lokið. Sjá stöðu aðgerða 3.1, 3.2. og 3.3., 3.5., 3.9., 3.10., 3.13. og 3.14. neðst í kaflanum í yfirliti yfir lokin verkefni og aflögð.

3.4. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf í Dalabyggð á starfstímanum. Meðal annars verði leitað verði leiða til að gera frístundastarf og menningarstarf aðgengilegra fyrir eldri borgara og ungmenni. Ábyrgð: Félag eldri borgara, ungmennaráð, sveitarstjórn. (Áherslubreyting 2025).

✓ **Aðgerð A:** Unnið verði að því að gera viðburðadagskrá Dalabyggðar aðgengilegri á Silfurtúni árið 2024.

✓ **Aðgerð B:** Nemendur Auðarskóla heimsæki íbúa Silfurtúns og t.d. spili og spjalli við þau eða leiki fyrir þau tónlist árið 2024.

Aðgerð C: Börnum og ungmennum á aldrinum 16 ára og eldri verði boðið til samtals, til að fá betri innsýn inn í áhugasvið þeirra, svo hægt sé að móta félagsstarf á svæðinu fyrir þann hóp. Unnið í samstarfi við ungmennaráð. (Ný aðgerð 2025).

3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði. Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjóri markaðsmála, verkefnisstjóri DalaAuðs, rekstraraðilar, íbúar.

Aðgerð A: Verkefnisstjóri Dalabyggðar og/eða menningarmálanefnd geti sett á fót „Hátíðarhóp“, sem vinnur með verkefnisstjóra sveitarfélagsins að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd Jörvagleði.

3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025. Ábyrgð: Sveitarfélag.

Aðgerð B: Verkefnisstjóri kanni möguleika á námskeiðahaldi í tónlist fyrir fullorðna árið 2026. (Ný aðgerð 2025).

3.8. Íbúar bjóði nýbúa og “hálfbúa” velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar. Ábyrgð: Íbúar.

3.11. Hugað verði að forvörslu safnmuna Dalabyggðar og byggt viðunandi geymslurými árið 2026 fyrir muni byggðasafns og listasafns á starfstímabilinu. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

3.12. Á starfstímanum verði húsakostir Dalabyggðar nýttir til að sýna safnmuni sveitarfélagsins. Áhersla verði á lifandi og hreyfanlegt sýningarhald safnmuna. Ábyrgð: Sveitarstjórn, starfsmenn Dalabyggðar, aðrir áhugasamir aðilar.

3.15. Leitað verði leiða til að efla Dalabúð sem menningarhús þegar nýtt íþróttahús hefur verið tekið í notkun. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sveitarstjórn, SSV, íbúar. (Nýtt markmið 2025).

Meginmarkmið 3 – Lokið

✓**3.2. Haldin verði tómstundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.** Ábyrgð: Félagasamtök, einkaaðilar, rekstraraðilar, Símenntun Vesturlands, verkefnisstjóri.

- **Markmiði náð 2025.** Haldin hafa verið fjölmörg námskeið og erindi á þessu tímabili, margfalt meira en tvö á ári. Verkefnisstjóri DalaAuðs og verkefnisstjóri Dalabyggðar hafa haldið úti vetrardagskrá í Nýsköpunarsetrinu og verið með eitt til tvö erindi/námskeið í mánuði yfir veturinn. Þá hafa einstaklingar, samtök o.fl. einnig staðið fyrir viðburðum.

✓**3.3. Átthaganámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2024.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri.

- **Markmiði náð 2024.** Áherslum var breytt og ákveðið að halda átthagafræðsluröð, þar sem hvert erindi væri opið öllum áhugasömum. Haldið var sögufylgjunámskeið, fræðsla um list í Dölum og landnámstímann, svo eitthvað sé nefnt.

✓**3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025.** Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar, félag.

- **Markmiði náð 2023.** Stofnaður var nýr kór í Dalabyggð. Leikfélagið hefur verið mjög virkt og setti upp sýningar 2023, 2024 og 2025.

✓**3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum.** Ábyrgð: Íbúar og aðrir áhugasamir einstaklingar.

- **Markmiði náð 2022.** Fundurinn var haldinn en félagslífið hefur þróast og blómstrað á öðrum forsendum í kjölfarið.

✓**3.13. Skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af kirkjubýggingum í Dalabyggð undir menningarviðburði eða menningarstarf árið 2024.** Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sóknarnefndir.

- **Markmiði náð 2025.** Haldinn var fundur með sóknarnefndum og öðrum áhugasömum um menningarstarf í kirkjum. Þar kom fram áhugi um að nýta kirkjur fyrir menningarviðburði. Í kjölfarið var sótt um styrki fyrir menningarverkefnum í kirkjum í Dalabyggð.

✓**3.14. Hljómsveitum og öðrum í tónlistarsköpun standi til boða að nýta Dalabúð til tónlistarsköpunar.** Ábyrgð: Sveitarstjórn, íbúar.

- **Markmiði náð 2024.** Það stendur til boða að nýta bæði Dalabúð eða Nýsköpunarsetrið fyrir tónlistarsköpun.

Aflögð marmkið:

3.1. Aflagt á íbúafundi 2023: Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna-, fræða, félags- og/eða listastarf. (Staðarfell selt 2023).

3.9. Aflagt á íbúafundi 2023: Útbúinn verði póstlisti haustið 2022, fyrir "hálfbúa" og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð.

Meginmarkmið 4

Öflug grunnþjónusta

Allir íbúar Dalabyggðar hafi greiðan aðgang að öflugri grunnþjónustu opinberra aðila sem einkaaðila, sem mótist í samráði við þjónustunotendur.

Í Dalabyggð sé virkt lærdómssamfélag og heilbrigðisþjónusta til fyrirmyndar.



Af 11 aðgerðum undir meginmarmiði 4 er fimm lokið. Sjá stöðu aðgerða 4.1., 4.3., 4.4., 4.7., 4.9. og 4.10. neðst í kaflanum í yfirliti yfir lokin verkefni og aflögð.

4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2025. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Aðgerð A: Fundað verði með skólastjórnendum, kennurum og nemendum til að fá betri sýn á það hvaða úrbóta og nýjunga er þörf. Mikilvægt er að sjónarmið þeirra fái hljómgrunn og rati inn í hönnun á útisvæðinu.

Aðgerð B: Sveitarfélagið kanni möguleikann á að bætt verði við leiktækjum og að sett verði upp útibekkir/borð á leikskólalóðinni.

Aðgerð C: Sveitarfélagið skoði möguleikann á samstarfi við LBHÍ um þarfagreiningu fyrir útiaðstöðu íþróttamannvirkis, skólans og leikskólans fyrir árslok 2025. Mikilvægt er að skoða hvaða rými er hægt að nýta betur á skólalóðinni, hvaða leiktækja er þörf og hvernig svæðið getur einnig nýst til útikennslu.

Aðgerð D: Skoða þarf framtíðarsvæði fyrir tjaldsvæði í Búðardal, með það fyrir augum að í framtíðinni verði það fært til að gefa skólabyggingum meira rými.

Aðgerð E: Skoða skal nýtingu á portinu, sem hluta af skólalóðinni, þegar ný íþróttamannvirki eru tilbúin árið 2026. Virkja ætti skólasamfélagið, nemendur og starfsfólk, í hugmyndavinnunni. **(Ný aðgerð 2025).**

4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt árlega fyrir nemendum á elsta stigi. Reglulega sé endurskoðaður möguleiki á framhaldsskólakennslu barna í héraði. Ábyrgð: Skólastjórnendur Auðarskóla.

Aðgerð A: Starfskynningar verði haldnar fyrir nemendur og fyrrum nemendur fengnir til að segja frá sinni reynslu af framhaldsskólanámi.

4.6. Aðgengi að heilbrigðis stoðþjónustu á borð við sjúkraþjálfun verði aukið fyrir árið 2025. Ábyrgð: Rekstraraðilar, íbúar.

4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa á starfstímanum og útbúinn upplýsingapakki fyrir fólk sem flytur/ eða hyggur á að flytja til Dalabyggðar. Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, verkefnisstjóri Dalabyggðar.

Aðgerð A: Íbúar taki að sér að bjóða nýbúum á viðburði og í félagsstarf, sem er til staðar í samfélaginu.

4.11. Árin 2024-2025 verði unnið að því að kortleggja þörf á hjólastólaaðgengi við opinberar byggingar og settir upp rampar í samræmi við þá þörf. Ábyrgð: Sveitarstjórn, forstöðumenn stofnana.

Aðgerð A: Dalabyggð kalli eftir tillögum varðandi þörf á römpum hjá byggingum sem eru á forræði sveitarfélagsins.

Meginmarkmið 4 - Lokið

✓ **4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023.** Markmiðið er að auka lýðræði og stuðla að notendavænni þjónustu í Dalabyggð. Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Verkefni lokið. Samráðsfundir með ungu fólki annars vegar og eldri borgurum hins vegar voru haldnir haust 2023 með verkefnisstjóra DalaAuðs, ásamt fulltrúum íbúa í DalaAuði, og verkefnisstjóra fjölskyldumála.

Skrifað var undir samning við Ásgarð varðandi faglega handleiðslu í skólastarfi árið 2023 og menntastefna Dalabyggðar var unnin og samþykkt.

Þá vann sveitarfélagið að auknu íbúalýðræði og auknu samtali við íbúa vegna ýmissa málefna með opnum fundum og kaffispjöllum nefnda sveitarfélagsins á árinu.

Dalabyggð kemur mjög vel út hvað varðar íbúalýðræði í íbúakönnun landshlutanna. Það er hvatning til að viðhalda þessu góða gengi.

✓ **4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnið haustið 2022.**

Verkefni lokið haust 2022. Ábyrgð: Skólastjórnendur Auðarskóla.

✓ **4.4. Sveitarfélagið kanni hvort verði hvort hægt sé að koma á frístundarbíl, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.** Ábyrgð: Sveitarstjórn, skólastjórnendur Auðarskóla.

Markmiði náð 2022. Samstarf Undra og Dalabyggðar.

✓ **4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfbóðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst geti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.** Ábyrgð: Rauði krossinn í Dalabyggð, verkefnisstjóri og íbúar.

Markmiði náð 2023. Sjálfbóðaliðar á vegum heimsóknavinaverkefnisins hafa hafið störf á Silfurtúni og auglýst hefur verið tvisvar eftir sjálfbóðaliðum á Fellsenda. Fataverslun Rauða krossins opnaði sumarið 2023 og þar eru sjálfbóðaliðar á öllum aldri að störfum.

✓ **4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024.** Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni lokið. Byggingarfulltrúi fór yfir alla þá þætti sem hafa ber í huga þegar íbúðarhús eru byggð í fræðslu á mannamáli sem var á dagskrá Nýsköpunarsetursins 2022. Kaffispjall var haldið með umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins veturinn 2023-2024 til að auka upplýsingagjöf til almennings um skipulagsmál á dagskrá. Haldið var áfram með opna fundi og spjall með nefndum sveitarfélagsins veturinn 2024-2025 og tókst það vel til.

Breytingar á markmiðum:

4.10: Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2023-2025. (Sameinað markmiði 3.4 á íbúafundi 2023).

